


Þórarinn Leifsson

# Afmælisveislan



# Afmælisveislan





Samskiptaglöð, Netvörður og Svalur fóru í tölvuverið eftir skóla.

Tölvuverið var í umsjón kennara sem hét herra Strangur, þótt hann væri ekkert mjög strangur. Herra Strangur sat við borð og las bækur. Hann las eina bók á dag eða 365 bækur á ári.

– Krakkar mínir, sagði herra Strangur sem var ekki mjög strangur. Það eru allar tölvurnar bilaðar nema ein. Þið verðið að skiptast á að nota hana. Mér þykir það leitt. En nú þarf ég að halda áfram að lesa.

**Hvers vegna ætli herra Strangur lesi svona mikið?**

Samskiptaglöð henti frá sér skólatöskunni og hljóp í áttina að tölvunni. Hún hlammaði sér niður og trommaði með öllum fingrunum á lyklaborðið.

– Róleg! hló herra Strangur ofan í bókina. Ertu að reyna að eyðileggja lyklaborðið barn?

**Af hverju er  
hún svona æst?**

– Æi herra Strangur! hrópaði Samskiptaglöð. Ég hef ekki komist á netið síðan í fyrradag. Hvað er annars að þessari tölvu? Af hverju fer hún ekki í gang?



– Kannski af því að hún er ekki í sambandi, andvarpaði herra Strangur.

– Ég er búin að hlakka svo svakalega til, sagði Samskiptaglöð. Ég hef ekki talað við neinn í marga daga.

– Hvaða, hvaða, hló Netvörður. Ertu ekki að tala við okkur Sval og herra Strangnúna?

Samskiptaglöð skreið undir borðið og setti tölvuna í samband.

– Það er öðruvísi, sagði hún.

– Hvernig þá? spurði Netvörður.

Tölvun gaf frá sér ræsihljóð þegar Samskiptaglöð kveikti á henni.


**Purfa tölvur alltaf  
að vera í sambandi?**



– Bara, sagði Samskiptaglöð. Það er allt öðruvísi að tala við fólk á spjallrás á netinu en að tala við ykkur. Svalur og Netvörður horfðust í augu og hristu höfuðið.

Samskiptaglöð ræsti spjallforrit. Fyrr en varði var hún farin að spjalla við þrjá einstaklinga í þremur mismunandi gluggum á skjánum.

**Hverju ættir þú ekki að segja frá í spjalli á netinu?**



– Netvörður, sagði Svalur. Eigum við að standa hér í allan dag og fylgjast með Samskiptaglaðri á meðan hún er að tala við einhverja krakka úti í bæ? Það eru ekki einu sinni sæti hérna.

Netvörður yppti öxlum.

– Sjáðu til Svalur minn. Allar tölvurnar nema þessi eru bilaðar í dag.

**Hvað er að angra Netvörð og Sval?**



12

Það rignir úti. Ertu með einhverja betri hugmynd?

Hann svaraði ekki. Netvörður og Svalur stóðu með krosslagðar hendur og fylgdust með stelpunni hamast í spjallrásunum.




13

Svalur pírði augun, hann var við það að sofna. Allt í einu hrökk hann við þegar hræðileg hljóð bárust frá tölvunni. Eins konar baul.

Samskiptaglöð hafði kveikt á spjallforriti með sjónvarpi. Nú var hægt að sjá og heyra í þeim sem hún var að spjalla við.  
– Við hvern ertu að tala Samskiptaglöð?  
spurði Netvörður.

**Geta tölvur baulað?**





Á skjánum var stúlka á sama aldri og þau. Fyrir aftan hana var fíll og lengra í burtu sást í nokkra apaketti sem sveifluðu sér í reipi.


Fíllinn sveiflaði rananum. Það var hann sem baulaði.

**Hvers vegna ætli það séu ekki fílar í Húsdýragarðinum?**

– Ég er að tala við Aldísi, sagði Samskiptaglöð. Bestu vinkonu mína.

– En þetta er ekki í Reykjavík er það? spurði Svalur hikandi.

– Nei, hló Samskiptaglöð. Þetta er ekki í Reykjavík. Veistu um einhvern stað í borginni okkar þar sem eru fílar og apar?



– Halló, sagði stúlkan á skjánum. Ég er á netkaffihúsi í dýragarði í Danmörku með pabba mínum og mömmu.

– Ó hvað það er gaman að sjá þig Aldís! skríkti Samskiptaglöð.

– Hafið þið Aldís þekkt lengi? spurði herra Strangur og leit brosandí upp úr bókinni.

– Jahá! hrópaði Samskiptaglöð. Við Aldís vorum saman í leikskóla. Ég hef þekkt hana frá því að ég man eftir mér.

**Hvað er netkaffihús?**



– Ég vissi ekki að þú ættir vinkonu í dýragarði, flissaði Svalur.


– Ég á nú ekkert heima hérna, sagði Aldís í tölvunni. Pabbi og mamma fóru bara með mig hingað í dag.

Ég á nefnilega afmæli.

– Hvernig er svo veðrið í Danmörku á afmælisdaginn? spurði herra Strangur og lagði bókina frá sér í fyrsta sinn.

– Það er ágætt, sagði Aldís í tölvunni. Sól en dálítið kalt.

**Hvað heitir höfuðborg  
Danmerkur?**




– Nú veit ég, hvíslaði Netvörður svo Aldís heyrði ekki. Við verðum að syngja afmælissönginn fyrir hana.

– Já, hvíslaði Svalur ákafur. Við megum til.

– Aldís, sagði Samskiptaglöð hátt.

Heyrirðu ekki vel í okkur?


**Hvers vegna hvíslaði Netvörður?**



– Jú, núna! Það glymur alveg í tölvunni. Betur en áðan.

Samskiptaglöð gaf hinum merki og um leið fóru þau öll að syngja afmælissönginn. Líka herra Strangur sem var ekkert strangur.

– Hún á afmæli í dag, hún á afmæli í dag ...



Á kaffihúsinu í Danmörku glumdi svo hátt í tölvunni að gestir á næstu borðum litu upp.

Og fíllinn fyrir utan gluggann hætti að sveifla rananum.

– Af hverju eru þau að syngja afmælisönginn? spurðu pabbi og mamma sem sátu hinum megin við borðið. Þú átt ekki afmæli fyrr en í næstu viku Aldís.

– Það er allt í lagi, sagði Aldís og brosti út að eyrum. Ég tók þetta allt saman upp!

**Af hverju tók hún sönginn upp?**



# Heilræði fyrir foreldra

Netið er auðlind sem vert er að nýta sér. Með eftirliti og góðri leiðsögn getur barnið þitt til dæmis mótað jákvæða sjálfsmynd, hitt áhuga-vert fólk, komið skoðunum og hugmyndum á framfæri, sótt upplýsingar og margvíslegan fróðleik.

Forsenda þess að þú getir leiðbeint barni þínu um netnotkun er að þú vitir hvernig það notar netið og hverju það hefur gaman af. Láttu barnið sýna þér hvaða vefsíður það skoðar gjarnan og hvað það gerir þar. Ef þú aflar þér tæknilegrar þekkingar aukast líkur á að þú takir skynsamlegar ákvarðanir um netnotkun barnsins þíns. Að auki geta foreldrar og börn átt saman góðar stundir við leik og upplýsingaöflun á netinu.

Sjá [www.saft.is](http://www.saft.is).

Samskiptaglöð, Netvörður og Svalur fara í tölvuverið eftir skóla þar sem herra Strangur ræður ríkjum. Samskiptaglöð kynnir nýja og óvænta hlið á netinu.



**Heimili og skóli**  
Landssamtök foreldra



Reykjavíkurborg

**MENNTA- OG MENNINGARMÁLARÁÐUNEYTIÉ**



ISBN 978-9979-9984-2-6



9 789979 998426



SAMFÉLAG, FJÖLSKYLDA OG TÆKNI | [www.saf.t.is](http://www.saf.t.is)